

Laun á almennum vinnumarkaði 2007

Earnings in the private sector 2007

Samantekt

Regluleg laun á almennum vinnumarkaði voru að meðaltali 303 þúsund krónur á mánuði árið 2007. Regluleg laun fullvinnandi launamanna voru 330 þúsund krónur að meðaltali og regluleg heildarlaun voru 368 þúsund krónur. Greiddar stundir fullvinnandi launamanna voru að meðaltali 44,8 stundir á viku. Heildarlaun voru 424 þúsund krónur að meðaltali á mánuði hjá fullvinnandi launamönnum.

Árið 2007 voru stjórnendur með hæst laun en verkafólk með lægst laun. Regluleg laun fullvinnandi stjórnenda voru 638 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og heildarlaun þeirra voru 826 þúsund krónur. Regluleg laun fullvinnandi verkafólks voru 209 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og heildarlaun þeirra 316 þúsund krónur.

Þegar litið er til atvinnugreina voru laun fullvinnandi launamanna hæst í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum. Þar voru regluleg laun 425 þúsund krónur að meðaltali og heildarlaun 610 þúsund krónur. Regluleg laun fullvinnandi launamanna voru lægst í atvinnugreininni byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð eða 298 þúsund krónur. Heildarlaun voru hins vegar lægst í atvinnugreininni verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu, 365 þúsund krónur að meðaltali.

Niðurstöður byggja á launarannsókn Hagstofu Íslands og ná til fyrirtækja á almennum vinnumarkaði sem starfa í iðnaði, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu, samgöngum og flutningum og fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum.

Laun á almennum vinnumarkaði

Lýsing á launastigi

Laun á almennum vinnumarkaði eru meðallaun í ákveðnum atvinnugreinum, starfsstéttum og störfum og byggjast niðurstöður á gögnum úr launarannsókn Hagstofu Íslands. Laun á almennum vinnumarkaði lýsa ekki launaþróun miðað við fasta samsetningu líkt og vísitala launa, heldur launastigi í krónum miðað við samsetningu vinnumarkaðarins hverju sinni. Breyting á launum milli tímabila getur því endurspeglad allt í senn, breytingu launa á tímabilinu, breyttri samsetningu launa eða vinnutíma og breytingar á samsetningu vinnumarkaðar. Þá ber að hafa í huga að breytingar launa á milli tímabila geta einnig stafað af breyttri samsetningu gagnasafns þar sem úrtak launarannsóknarinnar er stöðugt að stækka og gæði þess að batna.

Regluleg laun


Regluleg laun eru laun fyrir umsaminn vinnutíma á mánuði, hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu. Þau eru reiknuð bæði fyrir fullvinnandi launamenn og starfsfólk í hlutastarfi. Laun einstaklinga í hlutastarfi eru umreiknuð í fullt starf.



Regluleg laun voru að meðaltali 303 þúsund krónur árið 2007, 330 þúsund krónur hjá fullvinnandi launamönnum og 223 þúsund krónur hjá hlutastarfsfólki. Regluleg laun karla voru 332 þúsund krónur að meðaltali, 353 þúsund krónur hjá fullvinnandi körlum og 238 þúsund hjá hlutastarfsfólki. Regluleg laun kvenna voru 256 þúsund krónur að meðaltali, 281 þúsund hjá fullvinnandi konum og 211 þúsund hjá hlutastarfsfólki. Þess ber að gæta að víða eru í gildi svokallaðir fastlaunasamningar og er þá ekki greitt sérstaklega fyrir tilfallandi yfirvinnu. Á mynd 1 má sjá meðaltal og miðgildi reglulegra launa hjá körlum og konum í hlutastarfi og fullvinnandi.

Mynd 1. Regluleg laun á almennum vinnumarkaði eftir vinnutíma og kyni 2007

Figure 1. Regular salaries in the private sector by working hours and sex 2007



Regluleg heildarlaun

Regluleg heildarlaun eru regluleg laun að viðbættum greiðslum vegna tilfallandi yfirvinnu og fyrirframgreiddrar uppmælingar á mánuði. Regluleg heildarlaun eru einungis reiknuð fyrir fullvinnandi launamenn. Eins og sést á mynd 2 voru regluleg heildarlaun 368 þúsund krónur að meðaltali árið 2007, 402 þúsund krónur hjá körlum og 296 þúsund krónur hjá konum. Greiddar stundir voru að meðaltali 44,8 á viku, 46,1 hjá körlum og 41,8 hjá konum. Mismun á reglulegum heildarlaunum karla og kvenna má meðal annars skýra með því að karlar vinna að meðaltali 4,3 stundum meira á viku en konur.

Heildarlaun


Heildarlaun eru regluleg heildarlaun að viðbættum ýmsum greiðslum sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili að frátöldum akstursgreiðslum og hlunnindum. Dæmi um greiðslur sem falla undir heildarlaun eru desemberuppbót, frammi-stöðubónusar, ákvæðisgreiðslur og eingreiðslur. Greiðslur vegna kaupréttarsamninga teljast til hlunninda og eru því ekki með í heildarlaunum. Heildarlaun eru einungis reiknuð fyrir fullvinnandi launamenn. Heildarlaun voru 424 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2007, 467 þúsund krónur hjá körlum og 332 þúsund krónur hjá konum.

Miðgildi lægra en meðaltal

Eins og sést á mynd 2 er miðgildi allra launahugtaka lægra en meðaltal þeirra. Það má meðal annars skýra með því að kjarasamningar tryggja ákveðin lágmarkskjör en þeir kveða ekki á um hámarkskjör. Því eru fleiri útgildi til hækkunar meðaltals en lækkunar.

Mynd 2. Meðaltal og miðgildi launa fullvinnandi launamanna eftir kyni 2007

Figure 2. Average and median earnings by sex for full-time employees 2007



Mismunandi launasamsetning hjá körlum og konum


Vægi reglulegra launa og reglulegra heildarlauna er mismikið í heildarlaunum karla og kvenna. Regluleg laun karla voru 76% af heildarlaunum en regluleg laun kvenna voru 85% af heildarlaunum. Regluleg heildarlaun karla voru um 86% heildarlauna og regluleg heildarlaun kvenna um 89% af heildarlaunum. Meira vægi reglulegra launa í heildarlaunum kvenna skýrist meðal annars af því að þær unnu að meðaltali færri stundir á viku eða 41,8 stundir á viku en karlar unnu 46,1 stund. Þá vógu ýmsar óreglulegar greiðslur heldur þyngra hjá körlum en konum.

Tæplega fimmtungur launamanna með regluleg laun á bilinu 225–275 þúsund krónur

Á mynd 3 má sjá dreifingu reglulegra launa, reglulegra heildarlauna og heildarlauna hjá fullvinnandi launamönnum árið 2007. Hjá 19% launamanna voru regluleg laun á bilinu 225–275 þúsund krónur á mánuði. Algengast var að regluleg heildarlaun væru á bilinu 275–325 þúsund krónur á mánuði og voru 17% launamanna með þau laun. Þá voru rúmlega 15% launamanna með heildarlaun á sama launabili. Þrír af hverjum fjórum voru með regluleg laun undir 375 þúsundum króna og rúmlega helmingur launamanna með heildarlaun undir þeirri upphæð.

Mynd 3. Dreifing launa hjá fullvinnandi launamönnum árið 2007

Figure 3. Distribution of earnings for full-time employees 2007



Laun fullvinnandi eftir starfsstétt

Laun hæst hjá stjórnendum og lægst hjá verkafólki

Laun fullvinnandi launamanna eftir starfsstétt voru breytileg árið 2007. Hæst voru laun stjórnenda (1). Regluleg laun þeirra voru 638 þúsund krónur að meðaltali á mánuði, regluleg heildarlaun 645 þúsund krónur og heildarlaun 826 þúsund krónur. Laun voru lægst hjá verkafólki (VERK), þar sem regluleg laun voru 209 þúsund krónur að meðaltali, regluleg heildarlaun voru 285 þúsund krónur og heildarlaun 316 þúsund krónur. Greiddar stundir á viku voru jafnframt flestar hjá verkafólki (VERK) eða 49,6 stundir að meðaltali.

Yfirvinna mest hjá verkafólki og iðnaðarmönnum.


Á mynd 4 má sjá að munur á reglulegum launum og reglulegum heildarlaunum var mestur hjá iðnaðarmönnum (IÐN) og verkafólki (VERK). Þennan mun má meðal annars skýra með fjölda yfirvinnustunda en greiddar stundir þessara stétta á viku voru að meðaltali 47,8 hjá iðnaðarmönnum og 49,6 hjá verkafólki. Einnig vann hluti iðnaðarmanna í uppmælingu en tilfallandi yfirvinna og fyrirframgreiðslur vegna uppmælinga eru hluti af reglulegum heildarlaunum en ekki reglulegum launum.

Óreglulegar greiðslur hæstar hjá stjórnendum og sérfræðingum

Mestur munur var á reglulegum heildarlaunum og heildarlaunum hjá stjórnendum (1) og sérfræðingum (2). Þá var munurinn einnig töluverður hjá tæknum og sérmenntuðu starfsfólki (3) ásamt iðnaðarmönnum (IÐN). Munurinn á reglulegum heildarlaunum og heildarlaunum liggur í ýmsum greiðslum sem ekki eru gerðar upp á hverju útborgunartímabili, svo sem frammistöðu- og uppgjörsbónusum, ýmissi ákvæðisvinnu, til dæmis uppgjörs vegna uppmælinga og hlutdeild í hagnaði fyrirtækja. Ýmis hlunnindi eins og greiðslur vegna kaupréttarsamninga eru ekki inni í heildarlaunum. Vægi yfirvinnu og óreglulegra greiðslna var minnst hjá skrifstofufólki (4) og þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólki (5). Hjá þessum stéttum vógu regluleg laun um 85% af heildarlaunum. Regluleg heildarlaun vógu tæplega 92% af heildarlaunum skrifstofufólks (4) og 94% af heildarlaunum þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks (5).

Mynd 4. Laun eftir starfsstétt árið 2007


Figure 4. Earnings by occupational group for full-time employees 2007



Regluleg laun stjórnenda

Dreifing á reglulegum launum stjórnenda var töluvert meiri en dreifing launa hjá öðrum stéttum. Skýrist það meðal annars af uppbyggingu starfaflokkunarkerfisins. Til dæmis eru bæði æðstu stjórnendur stórra fyrirtækja og yfirmenn deilda í hópi stjórnenda. Regluleg laun stjórnenda voru 638 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og var miðgildi þeirra 570 þúsund krónur. Algengast var að regluleg laun stjórnenda væru á bilinu 475–525 þúsund krónur og voru 9% stjórnenda með þau laun. Meðaltal reglulegra launa karla var 687 þúsund krónur og miðgildi þeirra 612 þúsund krónur. Algengasta launabil reglulegra launa karlkyns stjórnenda voru á bilinu 575–625 þúsund krónur og voru rúmlega 10% á því bili. Regluleg laun kvenna voru að meðaltali 497 þúsund krónur og miðgildi þeirra 450 þúsund krónur. Algengast var að konur væru með laun á bilinu 275–325 þúsund krónur og höfðu 14% kvenna þau laun.


Á mynd 5 má sjá dreifingu á reglulegum launum stjórnenda árið 2007. Stöplarnir sýna dreifingu launa óháð kyni og línurnar sýna dreifingu launa karla annars vegar og kvenna hins vegar.

Mynd 5. Dreifing á reglulegum launum stjórnenda 2007*Figure 5. Distribution of full-time managers' regular salaries 2007**Heildarlaun stjórnenda*

Meðaltal heildarlauna hjá stjórnendum árið 2007 var 826 þúsund krónur á mánuði og miðgildi 623 þúsund krónur. Um 12% stjórnenda voru með heildarlaun yfir 1.175 þúsund krónum á mánuði að jafnaði yfir árið. Heildarlaun karla voru 911 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi þeirra var 662 þúsund krónur. Eins og sést á mynd 6 voru 15% karla með laun yfir 1.175 þúsund krónur á mánuði. Hins vegar voru einungis 4% kvenna með laun yfir 1.175 þúsund krónur en meðaltal heildarlauna kvenna var 586 þúsund krónur og miðgildi 510 þúsund krónur. Tæp 13% kvenna voru með heildarlaun á bilinu 275–325 þúsund krónur og voru það algengustu heildarlaun þeirra. Greiddar stundir stjórnenda voru 39,7 stundir á viku, 39,7 stundir hjá körlum og 39,9 hjá konum. Hafa ber í huga að stjórnendur eru margir með svokallaða fastlaunasamninga en í slíkum samningum felst meðal annars að ekki er greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu.

Mynd 6. Dreifing á heildarlaunum stjórnenda 2007

Figure 6. Distribution of full-time managers' total salaries 2007




Regluleg laun sérfræðinga

Regluleg laun hjá sérfræðingum voru 508 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2007 og miðgildi 470 þúsund krónur. Sérfræðingar voru næst tekjuhæsti hópurinn árið 2007. Um 15% sérfræðinga voru með regluleg laun á bilinu 425–475 þúsund krónur. Karlar í hópi sérfræðinga voru með 549 þúsund krónur í regluleg laun að meðaltali og miðgildi var 520 þúsund krónur. Um 14% karla voru með regluleg laun á bilinu 425–475 þúsund krónur. Meðaltal reglulegra launa kvenna var 435 þúsund krónur og miðgildi 403 þúsund krónur. Tæplega fjórðungur kvenna var með regluleg laun á bilinu 325–375 þúsund krónur.

Mynd 7. Dreifing á reglulegum launum sérfræðinga 2007

Figure 7. Distribution of full-time professionals' regular salaries 2007




Heildarlaun sérfræðinga

Árið 2007 voru heildarlaun sérfræðinga 625 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildi 544 þúsund krónur. Rúmlega þriðjungur var með heildarlaun á bilinu 375–525 þúsund krónur. Heildarlaun karla voru 688 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi 602 þúsund krónur. Þá voru rúmlega 10% karla með heildarlaun á bilinu 475–525 þúsund krónur og voru 7% þeirra með hærri laun en 1.175 þúsund krónur. Meðal kvenna voru 2% með hærri laun en 1.175 þúsund krónur og voru heildarlaun 516 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi 463 þúsund krónur. Tæplega sjötti hluti kvenna var með heildarlaun á bilinu 375–425 þúsund krónur. Greiddar stundir á viku voru 39,7 að meðaltali hjá sérfræðingum, 39,9 hjá körlum og 39,5 hjá konum. Líkt og hjá stjórnendum tíðkast fastlaunasamningar einnig hjá sérfræðingum.

Mynd 8. Dreifing á heildarlaunum sérfræðinga 2007


Figure 8. Distribution of full-time professionals' total salaries 2007



Regluleg laun tækna og sérmenntaðs starfsfólks

Regluleg laun tækna og sérmenntaðs starfsfólks voru 383 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2007. Miðgildi reglulegra launa var 339 þúsund krónur. Rúmlega fimmtungur var með regluleg laun á bilinu 225–275 þúsund krónur. Regluleg laun karla voru 462 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi þeirra var 418 þúsund krónur. Algengast var að regluleg laun karla væru á bilinu 325–375 þúsund krónur og voru 19% með þau laun. Regluleg laun kvenna voru 303 þúsund krónur og miðgildi 283 þúsund krónur. Um 36% kvenna í hópi tækna og sérmenntaðs starfsfólks voru með regluleg laun á bilinu 225–275 þúsund krónur. Eins og sjá má á mynd 9 á næstu síðu var dreifing reglulegra launa karla og kvenna ólík þar sem mun fleiri konur, eða 71%, voru með lægri laun en 325 þúsund krónur en einungis 19% karla.


Mynd 9. Dreifing á reglulegum launum tækna og sérmenntaðs starfsfólks 2007
 Figure 9. *Distribution of full-time technicians and associate professionals' regular salaries 2007*



Heildarlaun tækna og sérmenntaðs starfsfólks

Heildarlaun tækna og sérmenntaðs starfsfólks voru 475 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2007 og miðgildi 394 þúsund. Tæplega fimmtungur var með heildarlaun á bilinu 325–375 þúsund krónur. Heildarlaun karla voru 580 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 477 þúsund krónur. Um 15% karla voru með heildarlaun á bilinu 325–375 þúsund krónur og 14% með heildarlaun á bilinu 425–475 þúsund krónur. Konur voru með 368 þúsund krónur í heildarlaun að meðaltali og miðgildið 340 þúsund krónur. Rétt rúmlega 27% kvenna voru með heildarlaun á bilinu 325–375 þúsund krónur. Greiddar stundir voru 40,4 að meðaltali hjá tæknum og sérmenntuðu starfsfólki, 40,7 hjá körlum og 40,2 hjá konum.

Mynd 10. Dreifing á heildarlaunum tækna og sérmenntaðs starfsfólks 2007
 Figure 10. *Distribution of full-time technicians and associate professionals' total salaries 2007*




Regluleg laun skrifstofufólks

Regluleg laun voru 271 þúsund krónur að meðaltali á mánuði hjá skrifstofufólki árið 2007 og miðgildi var 257 þúsund krónur. Um 80% skrifstofufólks voru með regluleg laun undir 325 þúsund krónum á mánuði. Meðaltal reglulegra launa hjá körlum var 302 þúsund krónur og miðgildið 285 þúsund krónur. Rúm 70% karla voru með regluleg laun undir 325 þúsund krónum en rúm 80% kvenna. Regluleg laun kvenna voru 262 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi 247 þúsund krónur.

Mynd 11. Dreifing á reglulegum launum skrifstofufólks 2007


Figure 11. Distribution of full-time clerks' regular salaries 2007

**Heildarlaun skrifstofufólks**

Árið 2007 voru heildarlaun skrifstofufólks 320 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildi 299 þúsund krónur. Tæplega fjórðungur skrifstofufólks var með heildarlaun á bilinu 225–275 þúsund krónur. Karlar voru að meðaltali með 362 þúsund krónur í heildarlaun og miðgildið 352 þúsund. Tæplega 60% karla voru með heildarlaun á bilinu 275–425 þúsund krónur. Heildarlaun kvenna voru að meðaltali 306 þúsund krónur og miðgildi 287 þúsund krónur. Tæplega 65% kvenna voru með heildarlaun á bilinu 175–325 þúsund krónur. Greiddar stundir á viku hjá skrifstofufólki voru 40,7, greiddar stundir karla voru 42,7 og kvenna 40,1.

Mynd 12. Dreifing á heildarlaunum skrifstofufólks 2007

Figure 12. Distribution of full-time clerks' total salaries 2007




Regluleg laun þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks

Regluleg laun þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks voru 277 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildið 257 þúsund krónur. Rúmlega 22% voru með regluleg laun á bilinu 175–225 þúsund krónur og tæp 22% með regluleg laun á næsta bili, það er 225–275 þúsund krónur. Meðaltal reglulegra launa var 306 þúsund krónur hjá körlum og miðgildið 287 þúsund krónur. Tæp 22% karla voru með regluleg laun á bilinu 225–275 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna voru að meðaltali 220 þúsund og miðgildið 209 þúsund krónur. Þriðjungur kvenna var með regluleg laun á bilinu 175–225 þúsund krónur.

Mynd 13. Dreifing á reglulegum launum þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks 2007

Figure 13. Distribution of full-time service workers and shop and market sales' regular salaries 2007




Heildarlaun þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks

Árið 2007 var meðaltal heildarlauna þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks 319 þúsund krónur á mánuði og miðgildi þeirra 299 þúsund krónur. Eins og sést á mynd 14 voru tæplega 23% launamanna með heildarlaun á bilinu 225–275 þúsund krónur. Karlar voru með 358 þúsund krónur í heildarlaun að meðaltali og miðgildið 339 þúsund krónur. Tæplega fimmtungur karla var með heildarlaun á bilinu 325–375 þúsund krónur. Heildarlaun kvenna voru að meðaltali 258 þúsund krónur og miðgildi þeirra 245 þúsund krónur. Tæplega þriðjungur kvenna var með heildarlaun á bilinu 225–275 þúsund krónur. Greiddar stundir á viku voru 43,1 að meðaltali, 43,5 hjá körlum og 42,6 hjá konum.

Mynd 14. Dreifing á heildarlaunum þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks 2007

Figure 14. Distribution of full-time service workers and shop and market sales' total salaries 2007




Regluleg laun iðnaðarmanna

Regluleg laun iðnaðarmanna voru 313 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildið 297 þúsund krónur. Algengast var að regluleg laun iðnaðarmanna væru á bilinu 225–275 þúsund krónur og voru 29% þeirra með þau laun. Þar sem fáar konur tilheyra starfsstéttinni eru ekki birtar launatölur kvenkyns iðnaðarmanna.

Mynd 15. Dreifing á reglulegum launum iðnaðarmanna 2007

Figure 15. Distribution of full-time craft workers' regular salaries 2007




Heildarlaun iðnaðarmanna

Dreifing heildarlauna iðnaðarmanna var frábrugðin launadreifingu reglulegra launa, enda vinnur hluti iðnaðarmanna í svokallaðri uppmælingu og fá þá greidd uppgjör vegna hennar. Þær uppgjörsgreiðslur koma inn í heildarlaun iðnaðarmanna en ekki regluleg laun þeirra þar sem þær eru ekki gerðar upp á hverju útborgunartímabili. Heildarlaun iðnaðarmanna voru að meðaltali 453 þúsund krónur á mánuði og miðgildið 437 þúsund krónur. Eins og sést á mynd 16 á næstu síðu voru um 18% iðnaðarmanna með heildarlaun á bilinu 375–425 þúsund krónur. Greiddar stundir voru 47,8.

Mynd 16. Dreifing á heildarlaunum iðnaðarmanna 2007

Figure 16. Distribution of full-time craft workers' total salaries 2007




Regluleg laun verkafólks

Verkafólk var tekjulægsti hópurinn árið 2007 og var meðaltal reglulegra launa þeirra 209 þúsund krónur á mánuði og miðgildið 190 þúsund krónur. Um 70% verkafólks voru með regluleg laun lægri en 225 þúsund krónur. Regluleg laun verkakarla voru 218 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 200 þúsund krónur. Þriðjungur karla var með regluleg laun á bilinu 175–225 þúsund krónur. Regluleg laun verkakvenna voru 180 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið var 168 þúsund krónur. Tæplega 62% kvenna var með regluleg laun lægri en 175 þúsund krónur.

Mynd 17. Dreifing á reglulegum launum verkafólks 2007

Figure 17. Distribution of full-time general, machine and specialized workers' regular salaries 2007




Heildarlaun verkafólks

Heildarlaun verkafólks voru 316 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2007 og miðgildi 302 þúsund krónur. Rúmlega 20% verkafólks voru með heildarlaun á bilinu 275–325 þúsund krónur á mánuði. Heildarlaun karla voru 337 þúsund krónur

og miðgildið 322 þúsund krónur. Algengast var að heildarlaun karla væru á bilinu 275–325 þúsund krónur og voru 23% þeirra með þau laun. Konur voru að meðaltali með 248 þúsund krónur á mánuði og miðgildið 231 þúsund krónur. Tæplega 30% kvenna höfðu heildarlaun á bilinu 175–225 þúsund. Greiddar vikulegar vinnustundir voru 49,6 að meðaltali, 50,7 hjá körlum og 45,9 hjá konum.

Mynd 18. Dreifing á heildarlaunum verkafólks 2007

Figure 18. Distribution of full-time general, machine and specialized workers' total salaries 2007



Laun fullvinnandi eftir atvinnugrein

Laun hæst í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum.

Árið 2007 voru laun fullvinnandi launamanna hæst í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum (J). Þar reyndust regluleg laun vera 425 þúsund krónur á mánuði, regluleg heildarlaun 441 þúsund krónur og heildarlaun 610 þúsund krónur. Heildarlaun voru lægst í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G). Þar voru regluleg laun 312 þúsund krónur, regluleg heildarlaun 344 þúsund krónur og heildarlaun 365 þúsund krónur. Þó að heildarlaun hafi verið lægst í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G) voru regluleg laun lægri í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F), þar sem þau voru 298 þúsund krónur, og í iðnaði (D), þar sem þau voru 299 þúsund krónur. Greiddar stundir á viku voru jafnframt flestar í þessum atvinnugreinum. Í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerði (F) voru greiddar stundir að jafnaði 50 stundir á viku og í iðnaði (D) voru greiddar stundir 46,3 stundir á viku.


Óreglulegar greiðslur algengar í fjármálaþjónustu og byggingarstarfsemi

Eins og sjá má á mynd 19 á næstu síðu var munur á reglulegum heildarlaunum og heildarlaunum mestur í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum (J) og skýrist það að einhverju leyti af því að í þeirri atvinnugrein eru óreglulegar launagreiðslur, svo sem ýmiss konar bónusgreiðslur, almennt hærrí en í öðrum atvinnugreinum. Þess ber að gæta að kaupréttarsamningar eru skilgreindir sem hlunnindi og koma því ekki til áhrifa við útreikninga á launum. Í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð (F) er einnig mikill munur á reglulegum heildarlaunum og heildarlaunum og skýrist sá munur meðal annars af uppgjöri uppmælinga og öðrum óreglulegum greiðslum. Þá vega greiðslur vegna yfirvinnu einnig nokkuð þungt og því var nokkur munur á reglulegum launum og reglulegum heildarlaunum í þessari atvinnugrein.

Vægi yfirvinnu og óreglulegra greiðslna er minnst í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu (G), svo og samgöngum og flutningum (I). Launasamsetning er svipuð í þessum tveimur atvinnugreinum en regluleg laun eru um 85% heildarlauna og regluleg heildarlaun um 94% heildarlauna.

Mynd 19. Laun eftir atvinnugrein 2007

Figure 19. Salaries by economic activity for full-time employees 2007




Regluleg laun í iðnaði

Regluleg laun fullvinnandi launamanna í iðnaði árið 2007 voru 299 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildi reglulegra launa 258 þúsund krónur. Eins og sést á mynd 20 var algengast að regluleg laun í iðnaði væru á bilinu 225–275 þúsund krónur og var fimmtungur launamanna með þau laun. Regluleg laun karla voru 319 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi 273 þúsund krónur. Algengasta launabil karla var það sama og hjá öllum hópnunum eða 225–275 þúsund krónur og var um fimmtungur karla með laun á því launabili. Í umfjöllun um samsetningu gagnasafnsins á blaðsíðu 21 sést að karlar vege meira en konur í iðnaði og skýrir það meðal annars svipaða launadreifingu karla og hópsins alls. Regluleg laun kvenna í iðnaði voru 251 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi reglulegra launa 230 þúsund. Um 30% kvenna voru með laun lægri en 175 þúsund krónur á mánuði.

Á mynd 20 má sjá nánari dreifingu reglulegra launa í iðnaði árið 2007. Stöplarnir sýna dreifingu launa óháð kyni og línurnar sýna dreifingu reglulegra launa karla annars vegar og kvenna hins vegar.

Mynd 20. Dreifing á reglulegum launum í iðnaði eftir kyni 2007

Figure 20. Distribution of full-time employees' regular salaries in Manufacturing by sex 2007




Heildarlaun í iðnaði

Meðaltal heildarlauna í iðnaði árið 2007 var 382 þúsund krónur á mánuði og miðgildi 351 þúsund krónur. Eins og sést á mynd 21 voru algengustu heildarlaun í iðnaði á bilinu 325–375 þúsund krónur og hafði 16% launamanna þau laun. Heildarlaun karla voru 416 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 384 þúsund krónur. Algengustu heildarlaun karla í iðnaði voru á bilinu 325–375 og voru 17% karla með þau laun. Meðaltal heildarlauna í iðnaði var 300 þúsund krónur hjá konum og miðgildi heildarlauna 281 þúsund. Algengustu laun kvenna voru á bilinu 225–275 þúsund krónur og var tæplega fjórðungur kvenna með þau laun. Greiddar stundir á viku voru að meðaltali 46,3 í iðnaði, 47,3 hjá körlum og 43,7 hjá konum.

Mynd 21. Dreifing á heildarlaunum í iðnaði eftir kyni 2007

Figure 21. Distribution of full time employees' total salaries in Manufacturing by sex 2007




Regluleg laun í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

Regluleg laun fullvinnandi launamanna í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð árið 2007 voru að meðaltali 298 þúsund krónur á mánuði og miðgildi 243 þúsund krónur. Um 23% launamanna voru með regluleg laun lægri en 175 þúsund krónur á

mánuði. Hluti iðnaðarmanna sem starfa í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð fá greidda uppmælingu sem er ekki hluti af reglulegum launum en er hluti af heildarlaunum. Fáar konur starfa í atvinnugreininni byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og því eru launatölur kvenna ekki birtar.

Mynd 22. Dreifing á reglulegum launum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð eftir kyni 2007

Figure 22. Distribution of full time employees' total salaries in Construction by sex 2007




Heildarlaun í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð

Heildarlaun í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð árið 2007 voru að meðaltali 449 þúsund krónur á mánuði og miðgildi 420 þúsund krónur. Eins og sést á mynd 23 voru algengustu heildarlaun í atvinnugreininni á bilinu 275–325 þúsund krónur annars vegar og 325–475 þúsund krónur hins vegar. Greiddar stundir á viku voru 50,0 og var það mestur fjöldi greiddra stunda í samanburði við hinar fjórar atvinnugreinarnar.

Mynd 23. Dreifing á heildarlaunum í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð eftir kyni 2007

Figure 23. Distribution of full time employees' total salaries in Construction by sex 2007




Regluleg laun í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu

Í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu voru regluleg laun fullvinnandi launamanna 312 þúsund krónur að meðaltali á mánuði og miðgildi 280 þúsund krónur. Um 20% launamanna voru með regluleg laun á bilinu 225–275 þúsund krónur. Regluleg laun karla voru að meðaltali 333 þúsund krónur og miðgildi 300 þúsund krónur. Algengast var að regluleg laun karla væru á bilinu 225–275 þúsund krónur og var ríflega fimmtungur með þau laun. Regluleg laun kvenna voru að meðaltali 250 þúsund krónur á mánuði og miðgildi launa 225 þúsund krónur. Rúmlega 27% kvenna voru með regluleg laun lægri en 175 þúsund krónur. Á mynd 24 má sjá að dreifing reglulegra launa karla og alls hópsins er svipuð. Það má meðal annars skýra með því að karlar vega 65% í atvinnugreininni. Nánari umfjöllun um samsetningu gagnasafnsins má sjá á bls. 21.

Mynd 24. Dreifing á reglulegum launum í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu eftir kyni 2007

Figure 24. *Distribution of full time employees' regular salaries in Wholesale and retail trade; repair by sex 2007*




Heildarlaun í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu

Heildarlaun í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu voru 365 þúsund krónur á mánuði og miðgildi 333 þúsund krónur. Eins og sést á mynd 24 á næstu blaðsíðu var nær helmingur launamanna með heildarlaun á bilinu 225–375 þúsund krónur. Heildarlaun karla voru að meðaltali 397 þúsund krónur og miðgildi heildarlauna 362 þúsund krónur. Algengasta launabil karla var á bilinu 325–375 þúsund krónur og voru rúmlega 18% karla á því launabili. Meðaltal heildarlauna var 281 þúsund krónur hjá konum og miðgildi heildarlauna 256 þúsund krónur. Algengustu laun kvenna voru á bilinu 175–225 þúsund krónur og voru um 29% með þau laun. Greiddar stundir á viku voru að meðaltali 43,6, hjá körlum voru þær 44,2 og hjá konum 42,0.

Mynd 25. Dreifing á heildarlaunum í verslun og ýmissi viðgerðarþjónustu eftir kyni 2007

Figure 25. Distribution of full-time employees' total salaries in Wholesale and retail trade; repair by sex 2007




Regluleg laun í samgöngum og flutningum

Í samgöngum og flutningum voru regluleg laun fullvinnandi launamanna 333 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2007. Miðgildi reglulegra launa var 256 þúsund krónur. Eins og sést á mynd 26 var tæplega fjórðungur launamanna með regluleg laun á bilinu 175–225 þúsund krónur. Regluleg laun karla voru 376 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi þeirra var 292 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna í samgöngum og flutningum voru 262 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi 231 þúsund krónur. Í báðum hópum var algengast að regluleg laun væru á bilinu 175–225 þúsund krónur. Um 23% karla og 26% kvenna voru með laun á því bili.

Mynd 26. Dreifing á reglulegum launum í samgöngum og flutningum efir kyni 2007

Figure 26. Distribution of full time employees regular salaries in Transport, storage and communication by sex 2007




Heildarlaun í samgöngum og flutningum

Heildarlaun í samgöngum og flutningum voru 389 þúsund krónur að meðaltali á mánuði árið 2007 og miðgildi 323 þúsund krónur. Þriðjungur launamanna var með laun á bilinu 225–325 þúsund krónur. Heildarlaun karla voru 448 þúsund krónur að meðaltali og miðgildið 376 þúsund krónur. Algengast var að heildarlaun karla væru á bilinu 275–325 þúsund krónur og voru 15% með þau laun. Konur voru með 295 þúsund krónur að meðaltali í heildarlaun og miðgildi 267 þúsund krónur. Rúmlega fjórðungur kvenna var með heildarlaun á bilinu 225–275 þúsund krónur og voru það algengustu laun þeirra. Greiddar stundir á viku í samgöngum og flutningum voru 43,5 að meðaltali, 44,8 hjá körlum og 41,4 hjá konum.

Mynd 27. Dreifing á heildarlaunum í samgöngum og flutningum eftir kyni 2007

Figure 27. Distribution of full time employees' total salaries in Transport, storage and communication by sex 2007




Regluleg laun í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum

Í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum voru regluleg laun fullvinnandi launamanna 425 þúsund krónur að meðaltali á mánuði. Miðgildi reglulegra launa var 340 þúsund krónur. Tæplega 20% launamanna voru með regluleg laun á bilinu 225–275 þúsund krónur. Meðaltal reglulegra launa karla var 584 þúsund krónur og miðgildi 507 þúsund krónur. Regluleg laun kvenna voru 327 þúsund krónur að meðaltali og miðgildi 280 þúsund krónur. Dreifing reglulegra launa karla og kvenna er ólík eins og sjá má á mynd 28 á næstu síðu. Algengasta launabil karla var 575-625 þúsund krónur og voru 10% með þau laun. Hins vegar voru um 28% kvenna með regluleg laun á bilinu 225-275 þúsund krónur sem var algengasta launabil þeirra.

Mynd 28. Dreifing á reglulegum launum í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum eftir kyni 2007

Figure 28. Distribution of full-time employees' regular salaries in Financial intermediation by sex 2007




Heildarlaun í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum

Heildarlaun voru 610 þúsund krónur að meðaltali á mánuði í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum árið 2007. Miðgildi heildarlauna var 415 þúsund krónur. Rúmlega 14% launamanna voru með heildarlaun á bilinu 275–325 þúsund krónur. Meðaltal heildarlauna karla var 931 þúsund krónur og miðgildi 624 þúsund krónur. Um 17% karla voru með laun yfir 1.175 þúsund krónur á mánuði en einungis 1% kvenna. Heildarlaun kvenna voru að meðaltali 413 þúsund krónur og miðgildi 348 þúsund krónur. Rúmlega fimmtungur kvenna var með heildarlaun á bilinu 275–325 þúsund krónur. Vikulegar greiddar stundir voru 39,9 að meðaltali, 39,7 hjá körlum og 40,0 hjá konum. Hafa ber í huga að í þessari atvinnugrein eru svokallaðir fastlaunasamningar algengir. Þeir fela í sér að ekki er greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu.

Mynd 29. Dreifing á heildarlaunum í fjármálaþjónustu, lífeyrissjóðum og váttryggingum eftir kyni 2007

Figure 29. Distribution of full-time employees' total salaries in Financial intermediation by sex 2007



Samsetning gagnasafnsins


Umfang Niðurstöður um laun á almennum vinnumarkaði byggjast á gagnasafni launarannsóknar Hagstofu Íslands. Niðurstöðurnar ná til eftirfarandi atvinnugreina á almennum vinnumarkaði; iðnaðar (D), byggingarstarfsemi og mannvirkjagerðar (F), verslunnar og ýmissar viðgerðarþjónustu (G), samgangna og flutninga (I) og fjármálaþjónustu, lífeyrissjóða og váttrygginga (J). Niðurstöðurnar byggja á launum rúmlega 30 þúsund karla og kvenna í þessum atvinnugreinum.

Samsetning Samsetningu gagnasafnsins er ekki haldið fastri á milli ára og því getur breyting á launum milli tímabila endurspeglað allt í senn breytingu launa á tímabilinu, breyttri samsetningu launa eða vinnutíma og breytingar á samsetningu vinnumarkaðar. Þá ber að hafa í huga að breytingar launa á milli tímabila geta einnig stafað af breyttri samsetningu gagnasafns þar sem úrtak launarannsóknarinnar er stöðugt að stækka og gæði þess að batna. Þar sem launarannsókn Hagstofu Íslands er úrtaksrannsókn geta launamenn haft mismunandi vægi í gagnasafninu. Við útreikning á launum á almennum vinnumarkaði er notast við tvenns konar vogir. Í fyrsta lagi er vog sem tekur mið af vægi úrtaks af heildarlaunasummu atvinnugreinar samkvæmt staðgreiðsluskrá ríkisskattstjóra. Í öðru lagi er notuð vog sem tekur tillit til fjölda mánaða sem launamaður vinnur á árinu. Umfjöllun um samsetningu gagnasafnsins sem fer hér á eftir tekur mið af veginni samsetningu.

Karlar og konur Í þeim atvinnugreinum sem þessi samantekt um laun á almennum vinnumarkaði nær til eru fleiri karlar en konur. Karlar veiga 64% í gagnasafninu. Það er svipað hlutfall og er í þessum atvinnugreinum samkvæmt niðurstöðum vinnumarkaðsrannsóknar Hagstofu Íslands árið 2007. Á íslenskum vinnumarkaði í heild sinni voru karlar 54% launamanna árið 2007 samkvæmt sömu rannsókn.

Mynd 30. Samsetning gagnasafns eftir kyni


Figure 30. Sample structure by sex 2007



Fullvinnandi og hlutastarfsfólk Eins og sést á mynd 31 er launamönnum í launarannsókn Hagstofunnar skipt upp í tvo meginflokka eftir vinnutíma. Hlutastarfsfólk eru þeir sem vinna minna en sem nemur 90% af skilgreindri dagvinnuskyldu. Vægi starfsfólks í hlutastarfi er 22% í gagnasafninu. Að sama skapi teljast þeir sem vinna að meðaltali meira en sem nemur 90% af dagvinnuskyldu fullvinnandi launamenn. Vægi þeirra er 78% í gagnasafninu.

Mynd 31. Samsetning gagnasafns eftir vinnutíma

Figure 31. Sample structure by working hours 2007




Samsetning eftir starfsstétt

